

Minnisblað starfsmanna

Gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu 2024

Móttakandi: Velferðarnefnd
Dags.: 06.11.2023
Málefni: Félagsleg heimaþjónusta
Málsnr.: 202311012
Höfundur: Skúli Ingibergur Þórarinnsson

Inngangur

Árlega er gjaldskrár sveitarfélagsins uppfærðar samhliða fjárhagsáætlunargerð. Á velferðarsviði þarf að yfirfara gjaldskrár félagslegrar heimaþjónustu sem nær yfir eftirfarandi þætti samkvæmt reglum um félagslega heimaþjónustu í Sveitarfélaginu Hornafirði

- Aðstoð við athafnir daglegs lífs
- Aðstoð við heimilishald
- Félagslegan stuðning
- Aðstoð við umönnun barna og ungmenna
- Heimsendingu matar

Matarþjónusta

Matarþjónusta er hluti heimaþjónustu og fer fram á tveimur stöðum, dagdvöl aldraðra í Ekru og dagdvöl fatlaðra í Miðgarði auk þess sem matarbökkum er ekið heim til þeirra sem óska eftir því. Í dag er eitt verð fyrir alla þessa þjónustu, eða 1521 kr. Þá er verð í dagdvöl aldraðra 1434 kr. en hækkar í 1453 kr. skv. reglugerð nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra. Það verð er það eina sem er bundið reglugerð frá ríkinu.

Matarþjónusta á vegum velferðarsviðs á að hækka um hver áramót skv. vísitölu neysluverðs. Það hefur þann óskost að innheimta verður umfram innkaupakostnað. Í dag kaupir velferðarsvið matarskammtinn á 1385 kr. en selur hann á 1521 kr. eða með 136 kr. hagnaði. Það er mat undirritaðs að betur færi á því að gjaldskrá velferðarsviðs varðandi matarþjónustu myndi miðast við innkaupaverð, og taka breytingum samhliða því, þannig að þjónustan standi undir þeim kostnaði sem hlýst af henni, en skili ekki afgangi. Fjárhagsáætlun velferðarsviðs fyrir 2024 gerir ráð fyrir að svo verði.

Kaffi og kökur í Ekrunni

Einu sinni í viku gefst öllum íbúum kostur á að mæta í Ekruna og kaupa sér kaffi og/eða köku. Veitingarnar eru keyptar af Vigdísarholti sem rukkar 10.000 kr. fyrir. Verðskrá síðasta árs gerði ráð fyrir að kaffibolli kostaði 228 kr. og kakan 569 kr.

Ásókn í þennan viðburð er almennt nokkuð góð og þjónustan að standa undir sér rétt rúmlega. Á sumarmánuðum er nokkurt tap af kaffiboðinu en á veturnar er aðsókn mun betri og vinnur það upp tapið og rétt rúmlega það. Starfsmaður telur ekki ástæðu til að hækka verð á þessum liðum í ljósi þess að þeir standa undir sér og rúmlega það. Ef Vigdísarholt hækkar verð á aðföngum gæti þurft að endurskoða það.

Önnur félagsleg heimaþjónusta

Fyrir alla aðra félagslega heimaþjónustu er greitt eitt verð sem fyrir síðustu ár hefur verið 2100 kr. Þá fellur greiðsluskylda niður ef viðkomandi er með eða undir grunnfjárhæð viðmiðunarupphæð lífeyrisgreiðslna almannatrygginga, og 50% afsláttur er veittur til þeirra sem hafa tekjur allt að 25% umfram grunnfjárhæð viðmiðunarupphæðar lífeyrisgreiðslna almannatrygginga. Gjaldskrána skal endurskoða ár hvert í janúar út frá viðmiðum almannatrygginga.

Vinna þurfti töluverðar breytingar á gjaldskránni þar sem útskýringar á aflsláttaforminu fóru ekki heim og saman með viðmiðunartöflunni sem var sett fram og þá virðast viðmiðunarupphæðir ekki hafa verið uppfærðar síðustu ár. Til glöggvunar hefur verið sett upp drög að reglum eins og þær hefðu átt að líta út fyrir 2023, og mun gjaldskrá ársins 2024 líta eins út, aðeins með uppfærðum viðmiðunarupphæðum sem koma út í upphafi janúar næstkomandi.

Sem fyrr segir hefur gjald fyrir félagslega heimaþjónustu ekki verið hækkað síðustu ár og staðið í 2100 kr. Til viðmiðunar eru taxtar nokkurra annarra sveitarfélaga fyrir árið 2023:

- Norðurþing 3675 kr.
- Þingeyjarsveit 1510 kr.
- Múlaþing 2272 kr.
- Fjarðabyggð 1561 kr.
- Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu 2500 kr.
- Vestmannaeyjar 1463 kr.
- Árborg 2200 kr.

Af meðaltali er verð þessara sveitarfélaga á norð- austurlandi, austurlandi og suðurlandi 2169 kr. Ef horft yrið til þess að hækka verðið skv. hækkun á vísitölu neysluverðs frá desember 2022 (564,6) til dagsins í dag (1. nóv 603,5) væri verðið 2245 kr.